



## Fundargerð

8. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 09:00 þriðjudaginn 13. desember 2022, sem er fjarfundur að þessu sinni.

### Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

### Forföll:

Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

### Dagskrá

- Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan
- Önnur mál

[Verkefni síðastliðinn mánuð og það sem er framundan](#)

### Samstarf við Ferðamálastofu

Haldinn var seinni fundur ársins með Ferðamálastofu 24. nóvember um stöðuna á svæðinu, horfur inn í veturinn og næsta sumar. Nýr framkvæmdastjóri og fráfarandi sátu fundinn saman. Rætt var um samningagerð sem á að eiga sér stað á komandi ári, áfangastaðaáætlun og farið var yfir forgangsverkefni ársins 2022 og hvar þau standa. Fundurinn gekk vel og MSS fékk mikið hrós fyrir kynningu, framsetningu alls efnis sem frá MSS kemur og framgang verkefna. *Framundan er fundur í vikunni varðandi samninga.*

Ferðamálastofa boðaði allar Markaðsstofur/áfangastaðastofur landshlutanna (MAS) á sameiginlegan fund þar sem farið var yfir samstarfið og hvað væri framundan á komandi mánuðum og árum. Sá fundur var haldinn á Akureyri í tengslum við annan fund sem fulltrúar MAS sóttu. Gott samtal átti sér stað og boðað til nýs fundar í framhaldi til að hefja vinnu við

yfirferð samninga sem verða lausir eftir næsta ár. Rætt verður um hvað hefur gengið vel og hvað mætti bæta og fer sá fundur fram 15. desember.

Starfsfólk MSS tók saman gögn fyrir Ferðamálastofu um væntanleg stærri verkefni og fjárfestingar í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Ráðherra hafði óskað eftir samantekt yfir landið á slíkum upplýsingum fyrir fund sinn með Ferðamálastofu.

Rannsóknarsvið Ferðamálastofu hefur óskað eftir tillögu og forgangsröðun að 5 nýjum talningarstöðum á Suðurlandi. *Framundan er að skoða það og senda inn tillögu til þeirra.*

### **Eldfjallaleiðin**

Vala Hauksdóttir hefur verið að vinna að áhersluverkefninu um Eldfjallaleiðina með verkefnastjóra á Reykjanesi. Þar var verið að móta grunninn og undirbúa vinnustofur með hagaðilum um allt Suðurland og Reykjanes. Vinnustofurnar voru svo einnig haldnar í mánuðinum og gengu vel en 50-60 manns hafa tekið þátt. Þær voru haldnar í Hellisheiðarvirkjun, Vík, Hvolsvelli, Höfn, Öræfum, Bláa Lóninu og nú á fimmtudag verður haldin rafræn vinnustofa. Framkvæmdastjóri hvetur stjórn til að mæta og taka þátt ef þau hafa færi á. Gengið hefur vel og jákvætt andrúmsloft og kraftur hefur verið á vinnustofum. Á vinnustofunum kom fram mikið af efni, bæði varðandi þetta verkefni, sem og efni sem hægt er að nýta í vinnu á öðrum verkefnum tengdum áfangastaðnum.

Send var inn tillaga til SASS og Sóknaráætlunar Suðurlands um framhald verkefnisins um Eldfjallaleiðina sem vonandi verður tekið jákvætt í.

*Framundan er eins og áður segir rafræn vinnustofa á fimmtudag og í framhaldi hefst svo skráning gagna og frekari greiningarvinna. Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram í tengslum við vinnustofurnar sem munu nýtast við áframhaldandi þróunar áfangastaðarins Suðurlands.*

### **Samstarf með Íslandsstofu**

Farið var yfir lista yfir sýningar og vinnustofur sem Íslandsstofa tekur þátt í á næsta ári. Hver Markaðsstofa setur fram óskalista yfir óskaþátttöku í þessum viðburðum og senda frá sér sameiginlegan lista til Íslandsstofu. Send hafa verið drög til Íslandsstofu sem verður svo farið yfir á fundi í upphafi nýs árs ásamt samtali um samninga Íslandsstofu við Markaðstofurnar. *Framundan er fundur eftir áramót þar sem ákveðin verður þátttaka á sýningum og vinnustofum.*

Íslandsstofa hafði forgöngu með að boða fulltrúa MAS, SAF, Umhverfisstofnunar og Cruise Iceland á sameiginlegan fund á Akureyri. Cruise Iceland eru m.a. samstarf hafna sem taka á móti skemmtiferðaskipum, ferðaskrifstofa og umboðsaðila skipa. Á fundinum var meðal annars verið að ræða frekara samstarf við Markaðstofur landshlutanna og hugmyndir um landtöku utan hafna. Skiptar skoðanir voru á ýmsum málefnum sem snerta skemmtiferðaskip en mikilvægt að samtalið sé til staðar.

### **Vinnustofur og sýningar**

Fulltrúi Markaðsstofu Suðurlands mætti á vinnustofur í Brussel og Amsterdam um miðjan nóvember. Vinnustofurnar voru skipulagðar af Íslandsstofu í samstarfi við Visit Faroe Islands, Visit Greenland, Visit Finland og Visit Estonia, með hjálp frá almannatengslastofum í Hollandi

og Belgíu. Tólf fyrirtæki frá Íslandi tóku þátt ásamt Markaðsstofu Suðurlands og Markaðsstofu Norðurlands. Fundir voru bókaðir fyrirfram og fundaði Neira með fulltrúum frá rúmlega 30 ferðaskrifstofum í Hollandi og Belgíu sem selja ferðir til Íslands. Viðtökurnar voru góðar og greinilegt að mikill áhugi er á Suðurlandi og kynnti Markaðsstofan það helsta í nýjungum ásamt því að minna á önnur fyrirtæki, áfangastaði og náttúruperlur. Sérstaklega var mikill áhugi fyrir þeim nýju fyrirtækjum sem hafa verið að bætast við flóruna á Suðurlandi og vildu kaupendur vita meira um þau.

Það er búið að ganga frá skráningu fyrir Suðurland á Mid-Atlantic í Reykjavík í lok janúar 2023. Pantaður var fjórfaldur bás eins og venjulega. Umsjónaraðilar Mid-Atlantic óskuðu eftir tillögu að ferð um Suðurland sem verður í boði daginn eftir sýningu fyrir þátttakendur á sýningunni, MSS sendi inn eina tillögu að ferð.

*Framundan er undirbúningur fyrir Mid-Atlantic, m.a. hönnun á bás þar sem nýtt sýningarkerfi verður notað.*

### **Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)**

Unnið var áfram að endurmörkun MAS, fundir með hönnuði og búið er að fá fyrstu tillögur að merki. Vefhópur hélt áfram vinnu að þróun vefsíða landshlutanna og einnig vefsíðu MAS. Þá hafa verið haldnir skipulagsfundir fyrir Mannamót ásamt ýmissi vinnu þeim tengdum. Verið er að kynna skráningarfrest og viðburðinn á fullu, 178 skráðir í heild og þar af 62 af Suðurlandi. Miðað er við að skráningu ljúki 20. des.

*Framundan er áframhaldandi vinna við Mannamót þar sem MSS er í svipuðu hlutverki og undanfarin ár við að skipuleggja sýningarsvæðið ásamt ýmsu öðru. Þá fór vefhópur markaðsstofanna í greiningarvinnu í byrjun haustsins um hvaða verkefni hann vill sjá þróast næst á vefum markaðsstofanna. Sú vinna mun halda áfram á næstunni. Framundan er einnig að klára endurmörkunina á MAS sem klárast vonandi fyrir Mannamót í janúar. Þá er heilmikil vinna framundan, eins og áður hefur verið talað um, á vettvangi forstöðumanna við endurskoðun samninga, skipulag sýninga og vinnustofa og margt fleira.*

### **Samstarf við sveitarfélög**

Erindi voru send á þrjú sveitarfélög, Árborg, Ölfus og Hveragerðisbæ, vegna endurnýjunar samninga. Árborg samþykkti endurnýjun samnings og framkvæmdastjóri mun senda þeim samning til undirritunar. Bæjarráð Hveragerðisbæjar ákvað að framlengja ekki samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands og þakkaði fyrir það starf sem hefur verið unnið. Sveitarfélagið Ölfus bókaði í fundargerð hjá sér að í ljósi ákvörðunar Hveragerðisbæjar þá frestuðu þau ákvörðun til næsta fundar. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir fundi við forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra Hveragerðisbæjar, en ekki fengið svar. Fordæmalaust er að slík ákvörðun sé tekin án samtals, hvorki við Markaðsstofuna né fulltrúa sveitarfélagsins í faghópnum.

### **Samstarf við SASS**

Framkvæmdastjóri tók þátt í haustfundi atvinnuþróunarfélaga sem haldinn var á Suðurlandi en þar voru ýmis erindi um atvinnumál og byggðaðróunarmál. Send var inn tillaga að áhersluverkefni, framhald Eldfjallaleiðarinnar.

Undanfarið hefur farið fram kynning á Sóknarfærum nýsköpunar, viðskiptahraðli sem verður haldinn eftir áramót, þar sem áhersla er á verkefni sem tengjast orku, mat og líftækni, ferðaþjónustu og skapandi greinum.

### **Vefur og samfélagsmiðlar**

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Undanfarið hefur verið unnið að nýjum síðum um mismunandi þemu. Það er hluti af forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar að vinna slíkt efni. Meðal annars hefur verið unnið að efni um fossa og UNESCO staðina á Suðurlandi.

Nokkrir fundir átt sér stað á tímabilinu við áhrifavalda um samstarf á nýju ári.

*Áframhaldandi vinna við efnisvinnslu og bestun á vefsíðunni, þar sem unnið er m.a. að síðum samstarfsfyrirtækja, staða, sveitarfélaga, matarauðs, ferðaleiða og fleira.*

### **Innra starf**

Ávallt er í gangi samskipti við samstarfsaðila og hafa 3 fyrirtæki bæst í samstarfið. Búast má við einhverjum frekari hreyfingum þar núna í aðdraganda Mannamóta.

*Framundan er að vinna að rekstraráætlun, starfsáætlun, markaðsáætlun næsta árs. Rætt var um að kaupa markaðsefni og annað efni sem notað er á sýningum.*

### **Aðrir fundir /erindi**

- Fundir með Hæfnisetri og SAF – verið að undirbúa fundi á Suðurlandi í mars.
- Vilt þú ná árangri í markaðssetningu á samfélagsmiðlum? – Hæfnisetur hélt
- Vörumerki: Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð – Brandr vörumerkjastofa hélt
- Ekki er ráð nema í tíma sé tekið - Nauðsyn sjálfbærni og nýsköpunar í ferðaþjónustu – Ferðamálastofa hélt
- Sóknarfæri í nýsköpun / kynningarfundur – nýsköpunarhraðall
- Sjálfbærni í kvikmyndagerð á vegum Greenlab, Rannís og Íslandsstofu

### **Önnur mál**

#### **Jólin**

Framkvæmdastjóri ræðir jólagjafir til starfsmanna. Einnig frí milli jóla og nýárs eins og verið hefur.

Rætt um launagreiðslur til stjórnar og hvernig þeim verður háttað.

Fundi slitið kl. 14:30